



Efling máls og læsis
á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar

**Handbók þessi er samstarfsverkefni Rannsóknamiðstöðvar
Íslands, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands**

Útgáfa: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar 2018

Höfundar: Fatou Ndure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir

Styrkur: Nýsköpunarsjóður námsmanna - Rannsóknamiðstöð Íslands

Ábyrgðarmaður: Soffía Pálsdóttir

Uppsetning, teikningar og hönnun: Sunna Shabnam Halldórudóttir

Efnisyfirlit

Megináherslur handbókarinnar	2
Frístundalæsi	3
Um handbókina	4
10 einföld atriði	6
Félagslæsi	8
List- og menningarlæsi.....	11
Miðlalæsi.....	14
Samfélagslæsi	17
Vísindalæsi	20
Náttúru- og umhverfislæsi.....	23
Heilsulæsi.....	26
Gátlisti	30
Samstarfsaðilar og fræðsla	31
Heimildaskrá	32

Megináherslur handbókarinnar

Reynslunám

Reynslunám er ákveðið ferli þar sem barnið byggir upp þekkingu og færni með þátttöku sinni í starfi frístundaheimilis¹. Samkvæmt reynslunámi tileinkar barnið sér skilning og þekkingu með því að framkvæma, vera virkt, prófa, athuga og ígrunda reynsluna².

Áhugahvöt


Á frístundaheimilum er leitast við að nýta áhugamál barnsins til að stuðla að virkri þátttöku þess svo að það öðlist nýja þekkingu og eigi uppbyggilegan frítíma¹.

Lært í gegnum leik

Leikur með það að leiðarljósi að barnið öðlist nýja þekkingu kallast að „læra í gegnum leik“. Slíkur leikur er oft byggður á hugmynd eða efniviði frá starfsfólki frístundaheimilis þar sem áhersla er lögð á þekkingarsköpun. Þar fær leikgleði, áhugi og reynsla barnsins að njóta sín á sama tíma og færni barnsins eykst³.

Félagsleg hugsmíðahyggi

Samkvæmt félagslegri hugsmíðahyggi byggist þekking barna á túlkun sem er háð aðstæðum hverju sinni. Lítið er svo á að barn skapi merkingu út frá reynslu sinni á frístundaheimilinu og skapi þar af leiðandi einstaklingsbundna þekkingu. Þekkingin verður ávallt til í félagslegu samhengi sem er hluti af menningu viðkomandi barns⁴.



Frístundalæsi

Í Reykjavíkurborg verja flest sex til níu ára börn miklum tíma á frístundaheimilum eftir að hefðbundnum skóladegi þeirra lýkur. Þátttaka í starfinu hefur aukist undanfarin ár og er því mikilvægt að nýta þann tíma vel. Skiptir máli að börnin njóti viðveru sinnar á frístundaheimilum og að starfsemin sé margvísleg svo að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Á frístundaheimilum borgarinnar er unnið fjölbreytt starf allan ársins hring í íslensku málumhverfi. Í gegnum leik og starf vinna þau að eflingu máls og læsis sem er rauður þráður í öllu starfi sem þar fer fram. Það má því færa rök fyrir því að lykilhugtök máls og læsis⁵⁻⁶ séu stór hluti af öllu frístundastarfi og að þeir þættir sem hugtökin vísa til séu stöðugt í notkun og eflingu.

Góð þekking á íslensku er einn helsti grunnþáttur þess að börn verði að virkum þegnum í íslensku samfélagi og fái tækifæri í námi, leik og starfi. Því miður sýna rannsóknir að afturfarir hafa orðið í lesskilningi barna síðustu ár á Íslandi⁷ og því hefur verið lögð aukin áhersla á eflingu þess innan allra skólastiga⁸. Minni áhersla hefur verið lögð á markvissa eflingu máls og læsis innan frístundaheimila en með þessari handbók verður vonandi breyting þar á²¹.

Algengast er að læsi sé sett í samhengi við lestur á prentmáli, þ.e. að skilja ritaðan texta og geta fært hugsun sína yfir í ritað mál⁹. Hugtakið læsi í víðum skilningi er aftur á móti talin vera úrvinnsla þess sem við sjáum og skynjum¹⁰.

Læsi er því notað yfir alla þá þekkingu, skilning og hugsun sem á sér stað til þess að öðlast færni á öllum sviðum samfélagsins. Góð móðurmálsþekking ásamt hæfni til þess að lesa umhverfi sitt eru grundavallaratriði virkrar þátttöku í lýðræðisríki og mikilvægur þáttur í þroska hvers einstaklings.

Til þess að efla mál og læsi barna er mikilvægt að skapa aðstæður þar sem börn fá tækifæri til að efla færni sína í samskiptum við jafnaldra, rökræða og gagnrýna. Frítími er mikilvægur í þessu samhengi. Þegar börn nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt getur það aukið lífsgæði þeirra og framtíðar- möguleika¹¹.

Í handbókinni er lögð áhersla á reynslunám barna og að virkja þau til þátttöku með áhugahvatningu. Félagssleg hugsmíðahyggja og að læra í gegnum leik er einnig leiðarljós handbókarinnar þar sem þekkingarsköpun á sér stað með leik og í samskiptum við aðra.

Handbók þessi er meðal annars rituð á grunni rannsóknar sem höfundar gerðu sumarið 2018, með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna Rannís.

Lykilhugtök máls⁵

Hljóðfræði

Fjallar um að beita talfærum rétt og stýra hljóðbylgjum til þess að mynda hljóð og er undirstaða þess að barn geti tjáð sig munnlega.

Setningarfræði

Fjallar um að raða orðum upp á þann veg að þau tjái merkingu.

Málfræði

Málfræði snýst um hvernig börn ná tökum á málfræðireglum tungumáls, svo sem að fallbeygja, setja orð í fleirtölu og tala um eitthvað í þátíð.

Orðaforði

Orðaforði er ákveðinn orðabanki sem barnið hefur aðgang að.

Málnotkun

Málnotkun fjallar um hvernig tungumál er notað í félagslegum aðstæðum.

Hlustunarskilningur

Hlustunarskilningur fjallar um að skilja málið og setja merkingu í orð og setningar í gegnum heyrnina.

Um handbókina

Handbók þessi er hugsuð sem hugmyndabanki sem auðvelt er að byggja á. Hér er ekki settur fram tæmandi listi af hugmyndum um hvernig efling máls og læsis getur farið fram á frístundaheimilum heldur bent á ýmsar hugmyndir sem hvert og eitt frístundaheimili getur tileinkað sér eða lagað að sínum þörfum. Handbókinni hefur verið skipt í þær sjö tegundir læsis sem frístundaheimili vinna hvað mest með að undanskildu hefðbundnu læsi sem tvinnuð er inn í alla kafla handbókarinnar. Þessar tegundir læsis eru; félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi, náttúru- og umhverfislæsi og heilsulæsi. Hver kafli inniheldur stutta umfjöllun um hverja tegund læsis fyrir sig, hugmyndir sem hægt er að framkvæma í almennu starfi og hugmyndir að klúbbastarfi. Einnig er sagt frá fyrirmyndarklúbbum sem eru starfrættir í borginni, að lokum er bent á smáforrit og ítarefni. Handbókinni hefur ekki verið skipt eftir aldri eða getu heldur eru hugmyndir settar fram á einfaldan hátt svo frístundaheimili geta aðlagð þær að sínum barnahóp.

Læsisumfjöllun

Í upphafi hvers kafla er stuttur fræðitexti sem fjallar um hverja tegund læsis, þar sem hún er skilgreind og sett í samhengi við frístundastarf. Einnig er stiklað á stóru varðandi það hvers vegna tiltekið læsi er mikilvægt fyrir börn og hvernig það efli ýmsa hæfileika.

Almennt starf

Pegar fjallað er um almennt starf er átt við allt það starf sem fer fram á frístundaheimilum að undanskildu skipulögðu klúbbastarfi. Í umfjöllun hvers kafla eru lagðar fram ýmsar ólíkar hugmyndir um hvernig hægt er að efla tiltekið læsi í almennu starfi.

Klúbbastarf

Með klúbbastarfi er átt við skipulagt starf þar sem börnin velja sér ákveðinn klúbb eða dægrastyttingu sem þau vilja taka sér fyrir hendur á degi hverjum. Í umfjöllun hvers kafla eru lagðar til ólíkar hugmyndir að klúbbum sem snúa að tilteknu læsi.

Lykilhugtök læsis⁶

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund fjallar um vitund á hljóðkerfi tungumálsins sem þann hluta málþroskans sem snýr að læsi.

Lesskilningur

Lesskilningur fjallar um skilning á merkingu orða og setninga þar sem nota þarf rökhugsun og ályktunarhæfni til þess að skýra innihald texta.

Orðaforði

Orðaforði er sá orðabanki sem barnið hefur aðgang að.

Lesfimi

Lesfimi er færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjanda í lestri.

Ritun

Ritun felur í sér umskráningu orða, stafsetningu og miðlun.

Hljóðavitund

Hljóðavitund vísar til þeirra þekkingar og færni að greina og þekkja hljóðbókstafa og nýta þau til þess að lesa úr táknum þeirra.

Fyrirmyndarklúbbar

Hver kafli inniheldur stutta umfjöllun um þá fyrirmyndarklúbba sem eru starfandi á hinum ýmsu frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sem fela í sér eflingu máls og læsis. Klúbbarnir tengjast því tiltekna læsi sem er til umfjöllunar í hverjum kafla fyrir sig. Þeir eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðir, óhefðbundnir og höfða vel til barna.

Smáforrit

Í hverjum kafla eru tillögur að fjölbreyttum smáforritum sem hægt er að nota til eflingar máls og læsis innan frístundaheimila. Smáforritin eru valin með það í huga að börnin geti notað þau í misstórum hópum og er lögð áhersla á að þau séu ekki hugsuð sem einstaklingsverkefni. Mörg frístundaheimili hafa verið treg til að nota smáforrit í starfi sínu og ekki að ástæðulausu. Sum börn eyða umtalsverðum tíma fyrir framan skjái daglega og því tilefni til varkárni. Frístundaheimili er kjörinn vettvangur til þess að leiðbeina börnum um notkun smáforrita á uppbyggilegan hátt. Jafnframt hafa sum börn ef til vill takmarkað aðgengi að slíkum tækjum og þá getur notkun þeirra í frístundastarfi verið þeim mikilvæg. Ráðlegt er að stilla notkun smáforrita í hóf og er til dæmis hægt að takmarka notkun barna við eitt ákveðið forrit og stilla tímapak á notkunina. Mörg þeirra forrita sem finna má í handbókinni geta nýst starfsfólki við hugmyndaöflun eða undirbúning og frágang verkefna án þess að börnin fái aðgang að tækjum í klúbbastarfinu.

Ítarefni

Undir lok hvers kafla er bent á frekara ítarefni sem hægt er að skoða. Ítarefnið getur verið fjölbreytt og tilvalin uppspretta að nýjum hugmyndum. Bent er á heimasíður, veggmyndir, fræðslu og fleira skemmtilegt.

Gátlisti, samstarfsaðilar og fræðsla

Í lok handbókarinnar er gátlisti til vísbendingar um að frístundaheimilið vinni markvisst að eflingu máls og læsis og listi yfir spennandi samstarfsaðila ef áhugi er fyrir hendi á frekari eflingu máls og læsis.

10 einföld atriði


1.

Höfðum til barna með myndrænu dagskipulagi, valttöflu og matseðli.



2.

Merkjum allt milli himins og jarðar á frístundaheimilinu með orði og mynd. Gaman er að gera það í samstarfi við börnin.




3.

Höfum bækur sýnilegar og látum skemmtilegar bækur snúa fram til að auka áhuga barnanna.



4.

Gerum hressinguna að gæðastund með spjalli við börnin eða ævintýralegrri sögustund.




5.

Aukum upplýsingaflæði til barnanna með myndrænum reglum, leiðbeiningum og sáttmálum sem eru sett upp í augnhæð barna.



6.

Komum upp notalegu lestrarhorni með fjölbreyttu úrvali af bókum á mörgum tungumálum. Tilvalið er að skreyta rýmið með myndum af börnum sem eru að lesa.



7.

Hvaða tungumál eru töluð á frístundaheimilinu? Kortleggjum þau og höfum stafróf þeirra sýnileg.



8.

Notumst við 10 mínútna regluna: Gefðu þér 10 mínútur til að eiga í samskiptum við hvert barn sem stendur höllum fæti félagslega eða er fjöltyngt með íslensku sem annað tungumál.



10.

Þjófum upp á leik dagsins. Skipuleggjum einn hópleik í útiveru ásamt því að hafa lýsingu og reglur sýnilegar.



9.

Hver eru 100 algengustu orðin í íslensku? Höfum þau sýnileg annað hvort á gólfi eða á veggjum.



Félagslæsi



Hvað er verið að efla?
Tilfinningalæsi, sjálfsmynd,
samkennd og
samskiptafærni

Góð félagsfærni er talin geta stuðlað að farsælli þátttöku í samfélaginu¹² og tekur hún að þróast strax við fæðingu barns. Þau börn sem dvelja í umtalsverðan tíma á frístundaheimilum gefst tækifæri til að eiga í tiltölulega miklum samskiptum þar. Forsenda þess að börnum líði vel í frístundastarfinu eru góð samskipti. Því er eitt af lykilhlutverkum starfsfólks frístundaheimila að vera jákvæðar fyrirmyndir til þess að börnin tileinki sér sömu hegðun¹³. Góð samskipti byggjast meðal annars upp á trausti, virðingu og samkennd og geta þau haft áhrif á bæði vellíðan og árangur barna. Á frístundaheimilum gefst börnum tækifæri til að læra að þekkja eigin tilfinningar og annarra, geta skynjað þær og túlkað.

Almennt starf

Veggspjald með myndum sem sýna tilfinningar

Þegar börn koma tilfinningum sínum ekki í orð getur verið gagnlegt að hafa uppi veggspjald sem sýnir svipbrigði sem túlka tilfinningar (sjá ítarefni). Þá geta börnin bent á myndina og starfsfólk frístundaheimilisins rætt við þau um hvernig þeim líður, svo sem reið, glöð o.s.frv. Þetta auðveldar börnum að vera læs á tilfinningar sínar og þroska með sér næmni í samskiptum. Mikilvægt er að starfsfólkið þekki einkenni tilfinninganna og sé tilbúið til umræðu um andlega líðan barnanna (sjá ítarefni).

Hópeflisleikir

Gott er að fara í sérstaka hópleiki með það markmiði að börnin öðlist færni til þess að verða sterkari einstaklingarog eigi auðveldara með að tengjast hópnum. Hægt er að finna marga leiki á Leikjavefnum (sjá ítarefni) sem snúa að styrkingu sjálfsmyndar og eflingu félagsfærni.

Eineltisfræðsla

Reykjavíkurborg er með stefnu gegn einelti sem allir ættu að vera meðvitaðir um og er því mikilvægt að bjóða börnum frístundaheimilisins upp á fræðslu um einelti (sjá ítarefni). Hægt er að hengja eineltishringinn upp á vegg til að hjálpa börnunum að átta sig á þeim hlutverkum sem einstaklingar eru í þegar einelti á sér stað. Helsta forvörnin gegn einelti eru jákvæð samskipti og er þá meðal annars hægt að nota aðferðir vináttuþjálfunar (sjá ítarefni) til að efla börn til jákvæðra félagslegra samskipta.

Klúbbastarf

Samveruklúbbur

Í klúbbnum er reynt að efla samskipta- og félagslega færni. Þar eru ýmis málefni rædd og ber öllum að virða skoðanir annarra. Farið er yfir viðburði úr daglegu lífi, fréttir og frásagnir í fjölmiðlum. Börn sem eiga erfiðara með að tjá sig geta til dæmis notað forritið Scene and Heard (sjá smáforrit) eða Tákn með tali (sjá ítarefni). Stundum eru sögur lesnar, ræddar eða leiknar þannig að börnin læri að setja sig í spor annarra. Þá er hægt að spyrja þau út í söguþráðinn og svipbrigði persóna til þess að leggja áherslu á upplifun barnanna og þau hvött til að segja frá hvað þau telja að gerist næst í sögunni og hvernig hún gæti endað öðruvísi en

hún gerði. Til þess mætti nota forritið My Town (sjá smáforrit) og er einnig hægt að fá lánaðar rafbækur frá Borgarbókasafni.

Hlutverkaleikjklúbbur

Hlutverkaleikir eru vinsælir, börnin fá tækifæri til að klæða sig í allskyns búninga, leika ólík hlutverk og hugmyndaflugið fær að ráða för. Í leiknum læra börnin ýmsar félagslegar reglur og efla tjáningu sína. Ef mál og læsi er haft að leiðarljósi er hægt að láta hvern hlutverkaleik byggjast upp eftir ákveðnum flokki orða, svo sem starfsheiti, tilfinningum eða íþróttum. Mikilvægt er að starfsfólk grípi inn í og sporni gegn óæskilegum samskiptum.

Spilaklúbbur

Á frístundaheimilum er mjög vinsælt að spila. Til er mikið úrval af spilum sem flest börn eru áhugasöm um að nota. Tilgangur spila getur verið ólíkur, hægt er til dæmis að efla samheldni barnahópsins með spilum og má oft draga ákveðinn lærdóm af þeim. Eeboo spilin leggja mikla áherslu á tilfinningalæsi og er hægt að nálgast þau hjá Spilavinum (sjá ítarefni).

Stuðboltaklúbbur

Þessi klúbbur byggir á handbókinni Stuðboltar sem er þróunarverkefni frístundaheimilisins Eldflaugarinnar. Bókin er hjálpartæki fyrir starfsfólk á frístundasviði sem vinnur með börnum sem glíma við miklar áhyggjur. Þar má finna leiðbeiningar um hvernig hægt sé að styrkja sjálfsmynd, efla félagsfærni barnanna og gefa þeim öruggan vettvang til að tjá sig. Í klúbbnum eru tilfinningar ræddar, unnin verkefni og farið í skemmtilega leiki.

Fyrirmyndarklúbbar

Svipbrigðaklúbbar:

Í Svipbrigðaklúbba frístundaheimilisins Regnbogalands er rætt við börnin um einelti og þýðingu tiltekinna svipbrigða. Skoðað er hvaða tilfinningu er verið að sýna með svip og hvernig svipbrigði geta verið verkfæri eineltis.

Starfsfólk velur tilfinningar sem einfalt er að tjá með sviðbrigðum, svo sem fyrirlitningu. Í kjölfarið er eitt barn fengið til að leika þessa tilfinningu með svipbrigðum, hin giska og spjalla síðan um áhrif sem svipbrigði, meðvitund og ómeðvitund, geta haft á líðan annarra barna. Markmið klúbbsins er að skapa samtál um einelti og auka skilning barnanna á því hvernig svipbrigði ein og sér geta valdið óþægindum og vanlíðan.

Hellaleikurinn:

Börnin í frístundaheimilinu Gláðheimum skapa eigin ævintýri í gegnum hlutverkaspil þar sem hver leikur er einstök upplifun. Starfsfólk hefur landakort af helli og lista yfir muni sem nýtast börnunum í leiknum. Þau ferðast um ævintýraheima og í leiðinni leysa þau þrautir þar sem þau velja ákjósanlegasta valmöguleikann sem hefur áhrif á atburðarás og útkomu leiksins.

Börnin vinna saman og kjósa um hvað gerist í leiknum. Auk þess getur leikstjórnandinn haft áhrif á framvindu leiksins með því að ákveða hvernig þeim tekst til eða hve heppin börnin eru. Það er ákveðið eftir árangri og ákvarðanatöku þeirra þar sem til dæmis góðmennska barnanna er verðlaunuð og neikvæðar athafnir tefja fyrir þeim.

Smáforrit



Scene and Heard

Gagnast vel til að minnka samskiptaörðugleika og árekstra sem geta komið upp vegna takmarkaðrar tjáningar.



My Town

Forrit þar sem börnin geta eftt félagsfærni sína, tjáningu og hugtakaskilning með leik í dúkkuhúsi

Ítarefni

Spilavinir:

<https://www.spilavinir.is/>

Leikjavefurinn:

<http://leikjavefurinn.is/>

Vinsamlegt samfélag og gátlisti gegn einelti:

<https://reykjavik.is/vinsamlegt-samfelag>

Vináttaþjálfun:

<https://kvan.is/>

Veggspjald með myndum sem sýna tilfinningar:

<https://nickyabdinor.com/positive-vs-negative-emotions/>


Gagnvirk sjálfshjálparbók barna:

<http://www.hvadgeteggert.is/>

Tákn með tali

<http://tmt.is/>

Lista- og menningarlæsi



Hvað er verið að efla?
List og menningarvitund,
sköpunarhæfni og
ímyndunarafli

Mannkynið á sér ríka og áhugaverða lista- og menningarsögu sem kjörið er að kynna fyrir börnum í gegnum leik og starf. Sköpun er samkvæmt Mennta- og menningarmálaráðuneytinu⁹ einn af grunnþáttum menntunar á Íslandi og fer fram umtalsvert starf á því sviði bæði í grunnskólum og frístundaheimilum landsins. Flest börn eru í eðli sínu forvitin og með ríka athafnaþrá og þangað á sköpunargleðin rætur sínar að rekja. Sköpun barna felur í sér ákveðna áskorun sem þau leita spennandi leiða til þess að leysa með frumleika og frumkvæði að vopni.

Ríkjandi listastefnur og menningararfleið geta gefið okkur innsýn í óþekktan veruleika eða tímabil. Aukin þekking á listum og menningu með fjölbreyttu lista- og menningarstarfi fyrir börn getur haft áhrif á skilning þeirra á sögu, samfélagi og umhverfi. Börnum sem gefið er tækifæri á vettvangi þar sem þau geta fengið útrás fyrir leik og sköpunarþrá, tileinka sér gagnrýna hugsun, nýja sýn og nýjar aðferðir í gegnum sköpun.

Almennt starf

Listamaður mánaðarins

Frístundaheimili getur verið tilvalinn vettvangur til þess að kynna börnum ólíka listamenn. Hægt er að setja upp veggspjald til dæmis í listasmiðju þar sem listamaður mánaðarins er kynntur til sögunnar í orði og mynd.

Heimsóknir á listasöfn, stytugarða og viðburði

Öll hverfi borgarinnar eru rík af menningu og listasöfnin leynast víða. Gaman getur verið fyrir börnin að fá tækifæri til þess að kynna nærumhverfi sínu í gegnum menningu hverfisins (sjá ítarefni). Barnamenningarhátíð (sjá ítarefni) sem haldin er einu sinni á ári er til dæmis kjörinn vettvangur til að kynna fyrir börnunum. Þó snúið geti verið að fara með stóra hópa í slíkar ferðir geta heimsóknirnar verið tilvaldar fyrir heils dags opnun.

Klúbbastarf

Leiklistarklúbbur

Á flestum frístundaheimilum er að finna klúbb sem vinnur með leiklistarhæfileika barnanna. Slíkur klúbbur felur alltaf í sér mikla þekkingarsköpun þar sem börnin læra að tjá tilfinningar og atburði með orðum og leikbragði. Þegar leiklistarklúbbur er settur á fót með eflingu máls og læsis í forgrunni er kjörið að vinna að handritsgerð með börnunum þar sem þau geta lagt sitt af mörkum við sögusköpun. Einnig er tilvalið að nota forritið Puppet Pals (sjá smáforrit) til þess að setja upp brúðuleikhús.

Tónlistarklúbbur

Tónlistarklúbbur eru sívinsælir á frístundaheimilum og hafa mörg mjög spennandi verkefni verið sett á fót. Töluverður fjöldi frístundaheimila hefur komið sér upp safni af hljóðfærum þar sem tónlistarmenn framtíðarinnar geta tekið sín fyrstu skref (sjá ítarefni). Sé áhugi á því að vinna skipulega að eflingu máls og læsis er tilvalið að kynna börnunum nótur og nótnalestur, hlusta á lög og vinna með texta. Ef frístundaheimilið hefur takmarkaðan

aðgang að hljóðfærum er tilvalið að nota tónlistarforrit eins og GarageBand (sjá smáforrit).

Söngklúbbur

Söngklúbbur gefa börnum tækifæri á því að þróa áfram sönghæfileika sína. Þar er hægt að syngja lög og vísur sem þegar eru til eða jafnvel leyfa börnum að semja sinn eigin texta við vinsæl dægurlög. Hægt er að finna dægurlagatexta á vefsíðunni Íslenskir textar (sjá ítarefni). Einnig er skemmtilegt að gefa börnunum færi á að syngja um upplifanir sínar og það sem þau þekkja.

Myndasögugerðarklúbbur

Myndasögur eru skemmtileg afþreying og því er tilvalið að setja upp myndasöguklúbb á frístundaheimilum. Slíkur klúbbur býður upp á mikla möguleika þar sem börn geta lesið og skoðað myndasögur eða búið til sínar eigin. Auðvelt er að útbúa blöð með tónum römmum sem þau geta síðan teiknað inn í. Textablöður er hægt að teikna en einnig er gaman að útbúa þær og prenta út. Þá geta börnin klippt þær til og komið fyrir í sögunum sínum. Einnig er hægt að nota smáforritið Myndasaga (sjá smáforrit) til þess að búa til myndasögur með börnunum.

Fyrirmyndarklúbbar

Rappklúbbur

Börnin í frístundaheimilinu Selinu geta fengið að prófa sönghæfileika sína og þenja raddböndin í Rappklúbb.

Í upphafi sest starfsfólk niður með börnunum og semja þau lagatexta í sameiningu. Þegar textasmíðinni er lokið taka við æfingar þar sem börnin fá að spreyta sig í því að rappa textann. Síðan er útkoman tekin upp í litlu upptökurými sem er á frístundaheimilinu.

Börnin æfa sig í sviðsframkomu og halda að lokum tónleika fyrir áhorfendur þar sem þau klæðast skemmtilegum búningum með skrautlega andlitsmálningu.

Glaðheimaropp

Í frístundaheimilinu Gláðheimum gefst börnunum tækifæri til að semja eigin lög og texta sem þau syngja. Löggin eru samin í spuna, hljóðrituð og miðlað á tónlistarveituna Spotify. Samin er popptónlist með áherslu á veruleika barnanna og unnið með hliðsjón af barnalýðræði. Þá hefur einnig verið búið til tónlistarmyndband sem var innblásið af innihaldi eins tónverksins.

Markmið klúbbsins er að auka tónlistarkunnáttu og þekkingu barnanna á tónsköpun, styrkja sönghæfileika og auka skilning á mikilvægi samvinnu.

Smáforrit



GarageBand

Einfalt hljóðvinnsluforrit þar sem hægt er að klippa saman hljóð, lesa inn á, búa til eða bæta við tónlist.



Myndasaga

Myndasögugærð þar sem búin er til saga úr myndum, stöfum orðum og setningum.



Puppet Pals

Skapandi brúðugerðarforrit þar sem börnin geta valið sér sögusvið og persónur.

Ítarefni

Handbók um tónlist:

https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgef_id_efni/Handb_k-tonlistarverkefni.pdf

Íslenskir textar:

http://sol.heimsnet.is/!GSS_yomislegt/Lagatextar2.htm


Barnamenningarhátíð:

<http://barnamenningarhatid.is/>

List fyrir alla:

<https://listfyriralla.is/um-verkefnid/>

Miðlalæsi



Hvað er verið að efla?
Tæknikunátta,
samskiptafærni,
samfélagsvitund og
gagnrýna hugsun

Miðlalæsi fjallar um þekkingu, færni og skilning til að nýta fjölmiðla á öruggan og skilvirkan hátt¹⁴. Þegar fjallað er um miðla er átt við dagblöð, tímarit, bækur, sjónvarp, kvikmyndir, tölvuleiki, netið og tónlist. Oft er vísað til fjölmiðla sem fjórða valdsins til þess að undirstrika mikilvægi þeirra í lýðræðissamfélögum. Með örum tækniframförum skipa miðlar jafnframt veigamikinn sess í öllum nútímasamskiptum bæði meðal barna og full-orðinna.

Með því að efla miðlalæsi eykst færni barna til að skilja hvernig fjölmiðlar hafa áhrif á þau sem einstaklinga þar sem miðlar geta mótað val, myndað skoðanir og skapað barnamenningu. Miðlalæsi hvetur börnin til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim tækifæri til að skilja samfélag sitt á greinargóðan hátt.

Almennt starf

Bók mánaðarins

Frístundaheimili geta verið tilvalinn vettvangur til þess að kynna börnum skemmtilegar og áhugaverðar bækur á fjölbreyttan hátt. Gaman er að velja bók mánaðarins og hafa hana aðgengilega fyrir börnin. Hægt er að útbúa veggspjald þar sem bókinni er lýst í stuttu máli í orði og mynd og veggspjaldið síðan hengt upp í lestrarhorni. Þegar börnin hafa kynnt sér bókina er hægt að leyfa þeim að gefa henni stjórnur eða jafnvel stutta umsögn sem hægt er að líma á veggspjaldið.

Aðgengi að blöðum og tímaritum

Greiður aðgangur að fjölmiðlum fyrir börn á

frístundaheimilum er mikilvægur. Hægt er að tryggja slíkan aðgang með því að gerast áskrifandi af blöðum, tímaritum (sjá ítarefni) og bókaklúbbum (sjá ítarefni) ætluðum börnum.

Fjölmiðlaleiðbeiningar

Á frístundaheimilinu Undralandi er börnum kennt að nálgast fjölmiðla á ábyrgan og áhrifaríkan hátt. Veggspjöld með leiðbeiningum eru höfð sýnileg á svæðum þar sem fjölmiðlanotkun á sér stað. Þær snúa að því hvar og hvernig hægt er að nálgast tiltekinn miðil, hvers ætlast er til af börnunum sjálfum við notkun á miðlinum og hver réttindi þeirra eru þegar kemur að miðlanotkun. Mikilvægt er að allar leiðbeiningarnar séu hafðar í orði og myndum. KrakkaRúv er gott dæmi um fjölmiðil ætlaðan börnum (sjá ítarefni).

Klúbbastarf

Útvarpsklúbbur

Með tækninni í dag er mjög auðvelt fyrir börn að búa til áhugaverðan útvarpsþátt. Kjörið er að börnin byrji á því að gera dagskrá þar sem ákveðið er hvað fer fram í þættinum. Hægt er að flytja pistil, taka viðtöl, spjalla um málefni líðandi stundar og velja viðeigandi lög til þess að spila í þættinum. Auðvelt er að taka upp efnið með hinum ýmsu tækjum og klippa það til dæmis í smáforritinu Anchor (sjá smáforrit).

Kvikmyndagerðarklúbbur

Stuttmyndagerð hefur verið vinsæl dægrastytting innan frístundaheimilanna undanfarin ár. Aðgengi að upptökubúnaði hefur stórukist með notkun snjalltækja og því auðvelt fyrir flesta að setja upp

slíkan klúbb. Það er einfalt að vinna með mörg kvikmyndagerðarforrit, eins og Stop Motion (sjá smáforrit) eða iMovie sem reynst hafa vel (sjá smáforrit). Börn geta unnið að framleiðslu myndarinnar nánast frá upphafi til enda en gæti helst vantað aðstoð við eftirvinnsluna. Þegar efling máls og læsis er höfð í forgrunni er æskilegt að byrja á persónusköpun og ákveða söguþráð. Því næst er handritið skrifað, æfingar haldnar og myndin tekin upp. Fyrir eldri hópinn er jafnvel hægt að undirbúa tölur enn frekar með því að búa til skotlista og töluplan.

Bókagerðarklúbbur

Ánægjulegt er að búa til bækur um allt milli himins og jarðar. Þá getur verið skemmtilegt að taka myndir þegar frístundaheimilið heldur viðburð eða farið er í vettvangsferð og skrifa síðan bók um viðburðinn þar sem myndunum er komið fyrir. Tilvalið er að koma þessum bókum síðan fyrir í lestrarhorni svo börnin hafi aðgengi að sínu eigin sköpunarverki. Einnig er skemmtilegt að nota forritið Book Creator (sjá smáforrit) til þess að búa til rafbækur.

Fyrirmyndarklúbbur

Fréttamannaklúbbur

Börnum í frístundaheimilinu Selinu er veitt tækifæri til að spreyta sig á öllu því sem viðkemur útgáfu fréttablaðs í Fréttamannaklúbb.

Til að byrja með kynnir starfsfólk fyrir börnunum hvernig blað er byggt upp og þau búa svo til blað í sameiningu. Börnin taka til að mynda viðtöl við önnur börn og starfsfólk frístundaheimilisins, gera einfalda skoðanakönnun, skrifa stutta pistla, stunda rannsóknarvinnu og taka ljósmyndir. Við þessa vinnu nota þau hljóðnema til að taka upp viðtöl og myndavél til þess að taka ljósmyndir. Í lokin gefa þau út blað sem gengur undir nafninu Selsblaðið og fá öll börn frístundaheimilisins eintak af því. Einnig halda þau úti bloggsíðu þar sem viðtölin, listaverkin og greinarnar eru birtar.

Rithöfundaklúbbur

Rithöfundaklúbbur er sögugerðaklúbbur sem börnin geta valið sér í frístundaheimilinu

Undralandi. Þar skrifa þau sögur ein eða með hjálp starfsfólks.

Í upphafi læra börnin hvernig sögur eru uppbyggðar og hvernig persónusköpun á sér stað.

Því næst nota börnin hugmyndaflug sitt til að skapa atburðarás og búa til aðalpersónur sögunnar. Einnig geta þau teiknað myndir sem tengjast sögunni. Allt getur gerst. Engin takmörk eru í sköpun smásögu.

Smáforrit



Book Creator

Bókagerðaforrit til þess að búa til gagnvirka rafbók. Hægt er að setja inn myndir, texta, hljóð og upptökur.



Anchor

Útvalsforrit þar sem hægt er að klippa saman hljóð, lesa inn á, búa til eða bæta við tónlist.



iMovie

Kvikmyndagerðaforrit þar sem hægt er að klippa saman myndir og myndbönd, lesa inn á eða bæta við tónlist.



Stop motion

Hægt er að búa til hreyfimyndir úr ljósmyndum. Þessi tækni lætur líta út fyrir að kyrrstæðar myndir hreyfist.

Ítarefni

Krakkalakkar tímarit:

<https://ibn.is/krakkalakkar/>


KrakkaRúv:

<http://www.krakkaruv.is>

Disneybækur:

<https://www.edda.is/default.aspx?pageid=4100c3ef-c970-4981-a70d-8a56fa6b9138>

Samfélagslæsi



Hvað er verið að efla?
Lýðræðisvitund,
aðlögunarhæfni, tillitsemi
og gagnrýna hugsun

Börn eru virkir þátttakendur í því fjölmennarlega samfélagi sem við búum í hér á landi. Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, tungumáli, trú, stjórnálaskoðunum, ætterni, fötlun, félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum að geta haft áhrif á öll mál er varðar þau. Ætlast er til þess að fullorðnir hlusti á börnin og taki réttmætt tillit til óska þeirra og langana í samræmi við aldur og þroska¹⁵. Þýðingamikil er að hvetja börn til þess að nýta sinn eigin sköpunarkraft, beita gagnrýnni hugsun og koma með sjálfstæðar ályktanir.

Mikilvægt er að búa börn undir að taka þátt í lýðræði með því að efla lýðræðisvitund þeirra. Æskilegt er að leggja áherslu á að börn fái tækifæri til að leika og læra í ólíkum hópum, læri að leysa ágreining á eigin forsendum og vinna að sameiginlegum lausnum¹⁶. Frístundaheimilum ber jafnframt að kynna börnum menningu annarra landa til þess að þau öðlist skilning á því alheims-samfélagi sem við búum í og læri að fagna fjölbreytileikanum.

Almennt starf

Hugmyndakassi

Hugmyndakassar geta verið óþrjótandi uppspretta nýrra og spennandi hugmynda. Auðvelt og einfalt er að koma upp slíkum kassa þar sem börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á starf frístundaheimilisins. Til þess að kassinn uppfylli hlutverk sitt er mikilvægt að minna börnin reglulega á hann og sýna þeim hvernig hugmyndir úr kassanum verða að veruleika.

Orð vikunnar á öllum tungumálum

Tilvalið er að fá börn með annað móðurmál en íslensku til þess að velja sér orð vikunnar ef áhugi er fyrir hendi meðal barnanna. Í kjölfarið er hægt að skrifa orðið upp á öllum þeim tungumálum sem töluð eru á frístundaheimilinu jafnvel með hjálp þýðingarvélarinnar Google Translate (sjá smáforrit). Börnin fá þá tækifæri til þess að velta fyrir sér fjölbreytileika frístundaheimilisins og öllum tungumálum er gert jafn hátt undir höfði.

Bækur á fleiri tungumálum

Mikilvægt er að styrkja móðurmálskunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku. Bókasöfn borgarinnar bjóða upp á bækur á fjölmörgum tungumálum. Gott er að hafa það í huga að ef bækur hafa verið þýddar á íslensku eru allar líkur á því að þær hafi verið þýddar á önnur tungumál. Þessar bækur er líklegast hægt að nálgast á sölusíðum á netinu.

Klúbbastarf

Mannfræðiklúbbur

Mannfræði fjallar um allt það sem viðkemur manningum með sérstaka áherslu á menningu. Gaman er að velta fyrir sér ýmsum hlutum með gleraugum mannfæðinnar en hún skoðar oft hluti frá nýju sjónarhorni. Bókaserían Mannfræði fyrir börn (sjá ítarefni) er til í íslenskri þýðingu og væri tilvalið að nota hana sem verkfæri klúbbsins til þess að kynna börnunum hugtökin. Hægt væri að taka spjallhring, fönndra og lita út frá málefnum og fara í göngutúra eða stuttar vettvangsferðir.

Landfræðiklúbbur

Við erum svo heppin að lifa í heimi þar sem til er aragrúi landa með fjölbreytta og spennandi menningu. Skemmtilegt er að kynna heiminn fyrir börnunum í gegnum landfræðiklúbb. Tilvalið er að taka eitt land fyrir í einu og velta því fyrir sér. Hægt er að skoða staðsetningu landsins á hnetti, landakorti eða í forritinu Google Maps (sjá smáforrit). Einnig er gaman að skoða hverskonar tungumál er talað á svæðinu, hægt að teikna myndir af dýralífi eða plöntulífi og velta fyrir sér menningu landsins. Auk þess er mjög fróðlegt fyrir börnin að skoða Ísland á vefnum Kortavefsjá (sjá ítarefni) þar sem búið er að merkja ýmis íslensk fyrirbrigði inn á kort.

Pennavinaklúbbur

Skemmtilegt er að fara í samstarf við annað frístundaheimili og setja á fót pennavinaklúbb, til dæmis er hægt að gera það innan frístundamiðstöðva. Börnin fá þá einn pennavin sem þau skrifa regluega og fá svar til baka. Þar hafa þau tækifæri til að segja frá sér og sínu lífi, bera frístundaheimilin saman og spjalla um allt milli himins og jarðar. Einnig getur barnahópur sent bréf fyrir hönd frístundaheimilisins til annars frístundaheimilis.

Fyrirmyndarklúbbar

Barnalýðræði

Í frístundaheimilinu Laugarseli er unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna undir merkjum réttindafrístundar þar sem börnum er kennt um réttindi sín í máli og myndum í samstarfi við UNICEF (sjá ítarefni).

Hugmyndakassi er á frístundaheimilinu þar sem öll börn geta komið hugmyndum sínum um starf frístundaheimilisins á framfæri, nafnlaust. Í kjölfarið er haldinn „Mikilvægur fundur“ þar sem rætt er um hugmyndir sem koma upp úr hugmyndakassanum og kosið um þær. Niðurstöður kosninganna eru birtar þar sem sýnileikinn er mikilvægur liður í því að börnin sjái áhrifin sem þau hafa á nærumhverfi sitt.

Fjölmeningareldhús

Í frístundaheimilinu Eldflauginni stendur börnunum til boða að taka þátt í klúbbum Fjölmeningareldhúsið sem rekur uppruna sinn til frístundaheimilisins Halastjörunnar. Þar er eitt land tekið fyrir og sérstök áhersla er lögð á að kynna lönd allra á frístundaheimilinu, bæði starfsfólks og barna ef áhugi er fyrir hendi.

Byrjað er á að finna uppskriftir af réttum sem börnin geta matreiðt. Börnin undirbúa síðan mat frá landinu sem hefur orðið fyrir valinu. Hægt er að fletta upp áhugaverðum uppskriftum í ýmsum smáforritum, svo sem World recipes (sjá smáforrit). Á meðan unnið er í matreiðslunni er börnunum veitt innsýn inn í menningarheim viðkomandi lands án þess að einblína á staðalmyndir.

Smáforrit



Google maps

Leiðarforrit sem býður upp á möguleika á að skoða landakort á mismunandi hátt.



Google translate

Þýðir á fjölbreytt og áhugaverð tungumál. Les einnig upphátt þýðinguna.



World Recipes

Alþjóðlegar uppskriftir sem hægt er að skoða eftir löndum.

Ítarefni

Réttindafrístund:

<https://unicef.is/rettindaskoli>


Mannfræði fyrir börn:

<http://a4kids.org/>

Kortavefsjá:

<https://vefir.nams.is/kortavefsja/>

Vísindalæsi



Hvað er verið að efla?
Tæknivitund, rökhugsun
og vísindagildi

Vísindalæsi snýr að því að efla skilning og vitneskju barna um vísindi, svo sem raunvísindi og náttúruvísindi. Læsið eykur þekkingu þeirra á hugmyndum í vísindum, tilgang þeirra og notagildi. Einnig er lagt upp úr því að börnin geti sett fram spurningar til að geta aflað sér frekari þekkingar, ályktað, rökstutt og lagt sitt af mörkum í upplýstri umræðu. Þannig geta þau gert sér grein fyrir samspili náttúru og mannsins og valdi hans yfir tækninni⁴. Auk þess sem þau verða gagnrýnni á hlutverk sitt og áhrif vísinda og tækni á eigið líf, umhverfi og samfélag. Með vísindalæsi eykst þekking barna á nútímasamfélagi sem hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er snúa að vísindum¹⁷.

Almennt starf

Tækjabúnaður

Mixtúra (sjá ítarefni) er margmiðlunarver Reykjavíkurborgar sem býður upp á fjölbreytt úrval af tækjum og búnaði sem fristundaheimili geta fengið að láni. Einnig er hægt að fá fræðslu hjá þeim og fara á skemmtileg námskeið um allskyns tæknijungar.

Veggspjöld

Gott er að hafa tölur sýnilegar uppi á vegg til að auðvelda börnunum að þekkja þær. Lotukerfi (sjá ítarefni) með myndum af hverju tákni til frekari útskýringa er einnig fróðlegt efni á vegg. Auk þess er hægt að kynna fyrir börnunum vísindafólk, geimfara o.fl. með því að setja upp veggspjöld með myndum og ítarlegum upplýsingum.

Litamyndir

Hægt er að bjóða börnunum upp á myndir sem litaðar eru með því að fylgja númerum (sjá ítarefni). Þá þarf til dæmis að lita ákveðinn hluta á myndinni í tilteknum lit sem hefur verið merktur með tölustaf. Einnig væri hægt að prenta út litamyndir með ýmsum þrautum og gátum sem tengjast raunvísindum og rökhugsun. Þær snúast til dæmis um að finna það sem er ólíkt á tveimur myndum, tengja saman myndir og fleira skemmtilegt.

Klúbbastarf

Spurningaklúbbur

Skemmtilegt er að fara í spurningakeppni með börnunum. Starfsfólk sér um að undirbúa spurningarnar og geta börnin safnað stigum með því að svara rétt. Notaðu má smáforritið Kahoot (sjá smáforrit) til þess að búa til spurningalista. Börnin geta einnig búið til sínar eigin spurningar sem þau geta spurt hvort annað. Gott er að ákveða tiltekið þema hverju sinni, svo sem náttúru, tölur eða tækni. Í úrslitum spurningakeppninnar er hægt að nota smáforritið Orðaleikurinn (sjá smáforrit) sem snýst um að leysa úr stafarugli.

Forritunarklúbbur

Í klúbbnum fer starfsfólk yfir helstu þætti forritunar með börnum. Þetta er gert með skemmtilegum leikjum í spjaldtölvum. Hægt er að nota smáforritið Box Island (sjá smáforrit) sem býður upp á spennandi sögur og mörg borð sem börnin geta leyst.

Spæjaraklúbbur

Á nokkrum frístundaheimilum í Breiðholti er Spæjaraklúbbur. Þar fá börnin tækifæri til að gerast rannsóknarmenn. Þau búa til sín eigin nafnspjöld og leysa ráðgátur sem starfsfólk frístundaheimilisins hefur búið til fyrir þau. Ráðgátan felur oft í sér dulmál sem börnin þurfa að ráða og það leiðir þau áfram á næstu staði. Við rannsóknarstörf gæti áttavitinn í forritinu Spyglass (sjá smáforrit) nýst vel.

Stjörnuskoðunarklúbbur

Mismunandi stjörnur og stjörnumerki eru kynnt fyrir börnum í Stjörnuskoðunarklúbb. Þar eru skoðaðar fjölbreyttar bækur sem tengjast himingeiminum og ýmislegt fönndrað sem tengist sólkerfinu. Í klúbbnum er hægt að nota smáforritið Skyview (sjá smáforrit) sem er stjörnukíkir. Einnig er áhugavert að fara með barnahópinum í vettvangsferð í Stjörnusköðunarfélagið.

Fyrirmyndarklúbbur

Tilraunaklúbbur

Í Töfraseli er Tilraunaklúbbur þar sem börnin fá að framkvæma fjölbreyttar og áhugaverðar tilraunir.

Unnið er með vísindaeftni í klúbbnum eins og Vísindabækur Villa. Starfsfólk velur tilraunir fyrir hvern klúbb, skipuleggur og undirbýr þær vel. Stundum fá börnin að taka þátt í vali á tilraununum en framkvæmdin er ávallt samvinnuverkefni barna og starfsfólks. Mikilvægt er að starfsfólkið fari vel yfir allt ferlið með börnunum, útskýri hvað eigi sér stað og af hverju.

Tilraunirnar geta verið margvíslegar svo sem eldflaugar, dulmál, rafmagn og margt fleira. Einna vinsælast í frístundaheimilinu Töfraseli er að gera fallhlífar fyrir leikfangakarla og búa til slím eða sprengjur.

Ítarefni

Litamyndir með þrautum:

<https://skolavefurinn.is/node/2271>

Mixtura:

<http://mixtura.is/>

Lotukerfi fyrir börn:

<https://merkastore.com/products/kids-periodic-table-of-elements>

Smáforrit



Box Island

Farið er yfir helstu þætti forritunar svo sem skilyrði og endurtekningar í gegnum spennandi leik.



Kahoot

Hægt er að búa til spurningaleiki og spurningakeppni.



Orðaleikurinn

Mynd ásamt stafarugli sem þarf að raða í rétta röð.



Skyview

Hægt er að beina snjalltækinu að himninum og fá upplýsingar um það sem fyrir augu ber, svo sem stjörnur og stjörnumerki.



Spyglass

Áttaviti sem nýtir myndavélina í snjalltækinu þannig að áttavittinn sést á skjánum en jafnframt það sem er fyrir framan tækið.

Náttúru- og umhverfislæsi



Hvað er verið að efla?
Umhverfisvitund,
lýðheilsu, sjálfbærni og
sjálfstæði

Náttúru- og umhverfislæsi byggir á því að efla þekkingu, reynslu og áhuga barna á umhverfi sínu og náttúru¹⁸. Það er gert með því að benda þeim á áhugaverða hluti í umhverfinu með áhuga þeirra og upplifun að leiðarljósi. Með virkri útiveru eflast tengsl barnanna við umhverfið og skilningur á náttúru eykst þannig að þau læra að bera virðingu fyrir henni.

Það er mikilvægt að frístundaheimili veiti börnum tækifæri til að efla og þroska hæfileika sína í útiveru til þess að þau öðlist reynslu og færni til að byggja upp frekari þekkingu. Þau læra til að mynda ný orð og hugtök yfir fyrirbæri í náttúrunni og sjálfstæði þeirra og geta til að lesa í umhverfi sitt eykst enn frekar. Börnin læra þannig um náttúruna í náttúrunni í gegnum leiki, með því að sjá, snerta og upplifa.

Almennt starf

Græn skref

Mikilvægt er að fræða börnin um Græn skref (sjá ítarefni) og fá þau til að taka virkan þátt í þeim. Flokka allan úrgang frístundaheimilisins til endurvinnslu, hafa flokkunina vel sýnilega og endurnýta það sem til fellur. Það mætti nýta til dæmis eggjabakka, dósir og tilfallandi efnivið úr eldhúsi í listasmiðju eða önnur verkefni. Þannig minnkar sorp frá frístundaheimilum og starfsfólkið og börnin verða meðvitaðri um umhverfi sitt og nýta betur það sem til er. Með því að leyfa börnunum að taka virkan þátt í að flokka og endurnýta, fræðum við þau um mikilvægi sjálfbærni fyrir nærumhverfi okkar og heiminn.

Árstíðirnar og veðurfar

Tilvalið er að sýna börnunum hversu ólíkar árstíðirnar vetur, sumar, vor og haust geta verið. Hægt er að gera það með því að taka ljósmynd af sama staðnum utandyra á mismunandi tímum og hengja myndirnar síðan upp með útskýringu. Þetta getur hjálpað börnunum að gera sér grein fyrir breytingunum sem verða á náttúrunni og umhverfinu á milli árstíða. Einnig mætti gera veggspjöld þar sem hver árstíð er tekin fyrir, hvaða orð tengjast henni og börnin teikna myndir í tengslum við hana.

Gönguferðir

Börnin læra að þekkja nærumhverfi sitt þegar farið er í stuttar gönguferðir. Nota má forritið Innipúkinn (sjá smáforrit) eða vef Samgöngustofu (sjá ítarefni) til þess að fræða börnin á skemmtilegan hátt um helstu umferðarreglurnar áður en lagt er af stað. Í ferðinni er hægt að fara á græn svæði borgarinnar, leikvelli, heimsókn í leikskóla, hverfisbókasafnið og margt fleira. Hægt er að sækja efni í náttúruna, til dæmis laufblöð og greinar til þess að nota í fönðurgerð. Gott er að ræða við börnin um hvað þeim fannst merkilegast og skemmtilegast í lok gönguferðarinnar. Þá er jafnvel hægt að veita eldri börnunum kennslu í að koma sér sjálf á milli staða með strætó.

Klúbbastarf

Útileikjaklúbbur

Á flestum frístundaheimilum fer starfsfólk með börnum í ýmsa hópleiki utandyra. Starfsfólk getur bæði verið þátttakendur eða leiðbeinendur sem koma börnunum inn í leikinn og hafa auga með því að allt fari rétt og eðlilega fram. Oft eru leikirnir

fyrirfram ákveðnir en einnig reynist vel að leyfa börnunum að ráða en mikilvægast er að starfsfólk sé búið að kynna sér allskonar skemmtilega leiki. Gæti það verið til dæmis Stórfiskaleikur, Varúlfur, Eina króna eða Blindi bóndinn. Ef áhugi er fyrir því að vinna skipulega með mál og læsi skiptir miklu máli að kenna börnunum vel leikreglurnar áður en leikurinn hefst og leiðbeina þegar við á meðan á honum stendur.

Gróðuræktunarklúbbur

Börnin fá tækifæri til að rækta matjurtir, plöntur eða lítil tré undir handleiðslu starfsfólks. Þau fá aðstoð og fræðslu um hvernig eigi að rækta plöntur og jurtir svo að þær dafni vel og þeim kennt hvernig megi nýta það sem ræktað er til matargerðar. Þegar slíkur klúbbur er settur á fót með eflingu máls og læsis í forgrunni er kjörið að merkja heiti plantna og jurta, þá mætti nota forritið Plöntulykilinn (sjá smáforrit). Jafnvel er hægt útbúa litla ljósmyndabók um ferlið frá gróðursetningu og þangað til plönturnar verða fullvaxnar og stutt lýsing skrifuð undir myndirnar.

Útiöldunarklúbbur

Mörg frístundaheimili nýta útiöldunarsvæði á lóðinni til að bjóða upp á útiöldunarklúbb þar sem má kveikja lítinn varðeld. Börnin geta hlýjað sér, poppað popp, bakað brauð, útbúið kakó og margt fleira skemmtilegt. Ef lóð frístundaheimilisins býður ekki upp á þann möguleika eru útiöldunarsvæði víðsvegar um borgina sem mætti nýta, svo sem við Gufunesbæ (sjá ítarefni). Gaman er að efla mál og læsi barnanna enn frekar með því að nota stundina við útiöldunarsvæðið til að lesa góða sögu fyrir þau, ræða um umhverfið og náttúruna og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir henni eða syngja saman.

Fyrirmyndarklúbbar

Útinám

Börnin í frístundaheimilinu Álfheimum nýta nær-umhverfi sitt til að fræðast og gera eitthvað skemmtilegt í Útinámsklúbbi. Náttúran er efniviður klúbbsins, til dæmis í könnunarleiðangri, föndurgerð, eldamennsku og í leikjum. Þar er einnig rætt um sjálfbærni og mikilvægi þess að fara vel með náttúruna.

Útifjörðsbæklingur Miðbergs er notaður. Hann er stútfullur af fjölbreyttum hugmyndum er snúa að útinámi. Einnig halda þau úti pinterest-síðu með enn fleiri hugmyndum að leikjum, föndri og útiöldun.

Ljósmyndaklúbbar

Í frístundaheimilinu Vinaseli býðst börnunum að taka þátt í Ljósmyndaklúbba. Þar leiðbeinir starfsfólk þeim um hvernig taka eigi ljósmyndir og ræðir við þau um þýðingu myndatökkunnar.

Markmiðið er að taka myndir af einhverju í umhverfinu sem lætur börnunum líða vel og skrifa stuttan texta við myndirnar. Myndin getur verið af nánast hverju sem er, svo sem hlut eða athöfn sem skiptir ljósmyndarann máli. Myndefnið getur verið fjölbreytt til dæmis niðursuðudós, fótbolti, gullfiskar eða skákborð.


Í klúbbum er reynt að virkja sköpunargleði barnanna og auka áhuga þeirra á ljósmyndun sem aðferð til listrænnar tjáningar. Myndunum er safnað saman í bók sem krakkarnir fá eintak af og að lokum er haldin ljósmyndasýning.

Smáforrit



Innipúkinn í umferðinni

Innipúkinn kennir börnum hvernig eigi að haga sér í umferðinni.



Plöntulykillinn

Greiningarlykill fyrir Flóru Íslands. Hægt er að greina plöntur eftir fjölbreyttum leiðum.

Ítarefni

Gufunesbær miðstöð útivistar og útnáms:
<http://gufunes.is/uti/>

Græn skref:
<http://graenskref.reykjavik.is/>

Umferðavefurinn:
<http://www.umferd.is/>

Heilsulæsi



Hvað er verið að efla?
Andlega - og líkamlega
vellíðan og heilbriggt lífni

Samkvæmt Menntamálaráðuneytinu er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum menntunar á Íslandi⁹. Heilsulæsi er mikilvægt í því samhengi en það fjallar um að börn tileinki sér þekkingu og hæfni til þess að afla sér upplýsinga og nota þær til heilsueflingar¹⁹. Helstu áherslu-þættir heilbrigðis eru jákvæð og raunsönn sjálfs-mynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Öll frístundaheimili Reykjavíkurborgar eru heilsu-eflandi²⁰ þar sem lögð er áhersla á að börnum séu kynntir heilbrigðir lífshættir. Aukin færni í heilsulæsi gerir börnum kleift að tileinka sér slíkan lífsstíl á gagnrýninn hátt, skapa sér raunsanna sjálfsmynd og bæta þekkingu sína til þess að stuðla að heilsu og vellíðan.

Almennt starf

Ávextir og grænmeti mánaðarins

Öll frístundaheimili borgarinnar eru með fjölbreytt úrval ávaxta og grænmetis í boði fyrir börnin. Skemmtilegt getur verið að velja ávöxt eða grænmeti mánaðarins og hafa það í boði einu sinni í viku eða oftár. Ekki skemmir fyrir að fara óhefðbundnar leiðir í vali og smakka eitthvað nýtt, svo sem stjörnuávöxt. Hægt er að vinna enn frekar með matvælin með því að segja börnunum frá því hvar ávöxturinn eða grænmetið á uppruna sinn, hvaða vítamín eða næringargildi eru til staðar og hvaða áhrif þau hafa á líkamann.

Útileikur mánaðarins

Við kunnum öll einfalda leiki úr barnæsku sem skemmtilegt er að kynna börnunum en oft gleymast flóknari leikir sem leggja áherslu á hreyfingu. Á frístundamiðstöðvum og frístundaheimilum leynast oftast en ekki leikjahandbækur með fjölbreyttum leikjum sem hægt er að styðjast við og svo má nota Leikjavefinn (sjá ítarefni). Sumir af þessum leikjum krefjast undirbúnings og lengri tíma tekur að kenna börnunum þá. Tilvalið er að nota þessa leiki sem leik mánaðarins og gefa sér lengri tíma til þess að kenna börnunum leikinn á skipulagðan hátt.

Slökun

Börnin í frístundaheimilinu Regnbogalandi geta valið að taka þátt í slökun í stað þess að fara í útiveru. Þar er dýnum og púðum dreift um gólf og ljósín slökkt. Börnin liggja og loka augum. Síðan er saga úr bókinni Aladdín og töfrateppið lesin upp fyrir þau á hægum og ljúfum hátt. Á meðan börnin svífa um í heimi ævintýranna einbeita þau sér að djúpri öndun og afslöppun. Markmiðið er að skapa ró þar sem börnin geta slakað á og verið laus við allt áreiti og ónæði.

Klúbbastarf

Dansklúbbur

Hverjum finnst ekki skemmtilegt að dansa? Mörg frístundaheimili bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dansklúbba. Stundum er frjálstur leikur og dans í hávegum hafður en stundum er notast við dansleiki eða smáforrit svo sem GoNoodle (sjá smáforrit). Þá geta börnin líka samið sinn eigin dans með leiðsögn starfsfólks frístundaheimilisins.

Ratleikjaklúbbur

Það getur verið spennandi að fara í ýmiss konar ratleiki í kringum nánasta umhverfi frístundaheimilisins. Til eru smáforrit sem einfalda skipulag ratleikja eins og Xnote (sjá smáforrit). Annað dæmi er til dæmis ratleikur með krítum. Þá er byrjað að skipta hópnum í tvennt og gengur leikurinn út á að annar hópurinn elti hinn. Sá hópur sem eltur er fær krítar og börnin gera örvar á gangstéttir, steina, grindverk eða annað sem á vegi þeirra verður til þess að vísa hinum hópnum leiðina. Seinni hópurinn leggur af stað 10 mínútum á eftir hinum og fylgir örvunum. Fyrri hópurinn getur skrifað þrautir til þess að tefja fyrir seinni hópnum. Þegar fyrri hópurinn er búinn að leiða þann seinni í kringum hverfið finna þau sér hentugt svæði til þess að fela sig. Seinni hópurinn leitar og þegar allir eru fundnir er leikurinn búinn og fær þá seinni hópurinn að byrja. Kjörið er að enda feluleikinn í námunda við frístundaheimilið í seinni umferð.

Jógaklúbbur

Frístundajóga er ekki nýtt af nálinni og hafa börnin tekið þessum klúbbum vel. Oft er mannaðurinn nýttur og einhver sem þekkir til fenginn til þess að fara í jóga með börnunum. Fjölbreytt smáforrit eru í boði þar sem hægt er að finna skemmtilegar æfingar sem börnin ráða við til dæmis forritið Super Stretch Yoga (sjá smáforrit).

Fyrirmyndarklúbbur

Íþróttakynningaklúbbur

Í frístundaheimilinu Guluhlíð geta börnin farið í bráðskemmtilegan klúbb með íþróttakynningum. Fjölbreytni er í hávegum höfð og reynt er að kynna sem flestar íþróttir fyrir börnunum. Þar er þekking og reynsla starfsfólks nýtt til að bjóða upp á áhugaverðar íþróttakynningar.

Leitað er eftir samstarfi við íþróttafélög hverfisins og kannað hvort vilji sé fyrir samstarfi. Ef sá vilji er fyrir hendi er starfsfólki íþróttafélagsins boðið í heimsókn til að kynna sína íþrótt fyrir börnunum. Farið er með barnahópa í heimsókn í íþróttafélögin þegar tæk eru á því. Hægt er að finna hvaða íþróttir er hægt að stunda í Reykjavíkurborg á frístundavefnum (sjá ítarefni).

Smáforrit



GoNoodle

Smáforrit með dansi og jóga æfingum.



Super stretch

Jóga smáforrit fyrir börn.



Xnote

Einfalt er að búa til ratleiki eða fjársjóðsleit í þessu forriti.


Ítarefni

Frístundavefur Reykjavíkurborgar:

<http://www.fristund.is/>

Leikjavefurinn:

<https://leikjavefurinn.is/>



Gátlisti

Viðmið og vísbendingar um að frístundaheimilið vinni markvisst að eflingu máls og læsis

- Upplýsingar ætlaðar börnum eru í augnhæð og komið á framfæri í orði og mynd.
- Merkingar innan frístundaheimils svo sem í rýmum, á svæðum og hlutum teljast fullnægjandi.
- Gott aðgengi að áhugaverðum bókum á mörgum tungumálum.
- Lestrarhorn er til staðar og hægt að nýta til lesturs í rólegu umhverfi.
- Tungumálauður frístundaheimilisins hefur verið kortlagður og er nýttur.
- Starfsfólk nýtir hvert tækifæri til að eiga í samskiptum við börnin með virkri hlustun.
- Unnið er markvisst að eflingu máls og læsis í hressingu.
- Unnið er markvisst að eflingu máls og læsis í útiveru.
- Unnið er markvisst að félagslæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að list- og menningarlæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að miðlalæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að samfélagslæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að vísindalæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að náttúru- og umhverfislæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.
- Unnið er markvisst að heilsulæsi í almennu og/eða klúbbastarfi.

Samstarfsaðilar og fræðslur

Miðja máls og læsis

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar. Teymið fer á vettvang og veitir starfsfólki á frístundaheimilum stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi mál og læsi í víðum skilningi, sniðið að hverri starfsstöð. Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um ýmis smáforrit og spil til málörvunar. Sérstakir brúarsmiðir veita jafnframt leiðsögn vegna barna sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Leik- og grunnskólar

Það hefur reynst bæði hagnýtt og þýðingamikið að vinna í nánu samstarfi við leik- og grunnskóla hverfisins þegar frístundaheimili fer að vinna markvisst að eflingu máls og læsis.

Borgarbókasafn

Á bókasöfnum borgarinnar er að finna fjölbreytt úrval bóka. Þar eru bókaverðir tilbúnir að vinna ýmis verkefni með starfsfólki frístundaheimila og taka á móti barnahópum í bókakynningar, ratleiki, sögustundir og fleira skemmtilegt. Frístundaheimilum stendur einnig til boða að fá lánaða þemakassa fulla af bókum tengdum umbeðnu þema sem og fá að láni rafbækur. Þar að auki halda bókasöfnin úti samstarfsverkefninu Lestrarvinir ásamt Miðju máls og læsis, sem gengur út á að auka bókaáhuga, lesskilning og íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna.

Orð af orði

Hægt er að óska eftir námskeiðum eða smiðjum sem tengjast kennslufræði Orðs af orði, stökum aðferðum eða almennt um eflingu orðaforða og læsis. Orð af orði er kennslufræði sem hefur það að markmiði að efla læsi barna gegnum skemmtileg verkefni og leika sér með orðaforða.

Spilavinir

Hjá fyrirtækinu Spilavinum er hægt að finna fjölmörg skemmtileg spil sem efla og styðja við læsi í víðum skilningi. Þau taka á móti starfsfólki frístundaheimila til sín í fræðslu eða mæta á starfsstaði. Hægt er að óska sérstaklega eftir að spilakynningin sé miðuð að eflingu máls og læsis eða jafnvel hægt að fá kynningu á spilum sem snúa að ákveðnum læsisflokki svo sem félagslæsi eða umhverfislæsi.

Móðurmálssamtökin

Markmið Móðurmálssamtakanna er að kenna fjöltýngdum börnum þeirra móðurmál, stuðla að þróun móðurmálskennslu og styðja við virkt tvítýngi í samfélaginu. Samtökin bjóða upp á áhugaverða fræðslu sem snýr að mikilvægi móðurmáls, kostum og áskorunum tvítýngis og fjöltýngis og kennslu barna með annað móðurmál en íslensku.

Heimildaskrá

1. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra_fristundamidst_2015-lores.pdf
2. Reigeluth, C. M. (Ritstj.). (2000). *Instructional-design Theories and Models: A New Paradigm of Instructional Theory, Volume II*. Hillsdale, N.J: Lawrence Erlbaum Associates.
3. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Lesið í leik - læsisstefna leikskóla*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf
4. Herdís Magnúsdóttir. (2016). *Vísindalæsi og hugtakaforði Kennsluáðferðir sem efla vísindalæsi og hugtakaforða í náttúruvísindum*. Háskólinn á Akureyri. Sótt af <https://tinyurl.com/ybg8tj|3>
5. Miðja máls og læsis. (e.d.). Mál. Sótt af <https://mml.reykjavik.is/mal/>
6. Miðja máls og læsis. (e.d.). Læsi. Sótt af <https://mml.reykjavik.is/laesi/>
7. Menntamálastofnun. (2017). *Helstu niðurstöður PISA 2015*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/helstu_nidurstodur_pisa_2015_prent_-_loka.pdf
8. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af <https://tinyurl.com/y7bxldbc>
9. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2011 - Greinasvið 2013*. Reykjavík: Svansprent. Sótt af <https://tinyurl.com/ychsrópo>
10. Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni - Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
11. Reykjavíkurborg. (2017). *Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sfs_fristundastefna_2017_web.pdf

12. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Sótt af <https://tinyurl.com/ybk76oy6>
13. Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð – Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun. Sótt af <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heilbrigdiogvelferd/index.html#1>
14. Fjölmíðlanefnd. (e.d.). *Fjölmíðlalæsi*. Sótt af <http://fjolmidlanefnd.is/efirlit/vernd-barna/fjolmidlalaesi/>
15. Umboðsmaður barna. (e.d.). *Lýðræði í skólastarfi*. Sótt af <https://barn.is/um-embattid/verkefni/lydraedi-i-skolastarfi/>
16. Reykjavíkurborg. (2017). *Mótun menntastefnu - megináherslur*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/motun_menntastefnu_ahersluthaettir.pdf
17. Menntamálaráðuneytið. (2010). *Menntun í mótun. Próun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/menntun_i_motun.pdf
18. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (1997). *Educating for a sustainable future: A transdisciplinary vision for concerted action*. (Nr. EPD-97/CONF.401/CLD.1.). UNESCO. Sótt af http://www.unesco.org/education/tlsf/mods/theme_a/popups/mod01t05s01.html
19. World Health Organization. (e.d.). *Health promotion Track 2: Health literacy and health behaviour*. Sótt af <http://www.who.int/healthpromotion/conferences/7gchp/track2/en/>
20. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Heilsueflandi frístundaheimili*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/heilsuefling_fristundaheimili_okt2016.pdf
21. Fatou N'dure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir. (2018). *Fristundalæsi*. Eigindleg rannsókn vegna eflingar máls og læsis á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknamiðstöð Íslands og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg